

---

# HRINGVEGUR VIÐ NÚPSVÖTN, SKAFTÁRHREPPI

## Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 8. mars 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða breytingu á Hringvegi við Núpsvötn í Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skaftárhrepps og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hringvegur (1-a1). Ný brú á Núpsvötn í Skaftárhreppi. Kynningarskýrsla. Hönnunardeild og framkvæmdadeild Vegagerðarinnar, febrúar 2021.

Önnur gögn:

- Fylgiskjal 1. Yfirlitsmynd.
- Fylgiskjal 2. Áningarstaður.
- Fylgiskjal 3. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Fylgiskjal 4. Umsögn Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps.
- Fylgiskjal 5. Umsögn Umhverfisstofnunar.
- Fylgiskjal 6. Umsögn Hafrannsóknastofnunar.
- Fylgiskjal 7. Umsögn Minjastofnunar.
- Fylgiskjal 8. Umsagnarbeiðni til Fiskistofu.
- Fylgiskjal 9. Greinargerð hönnuða, forhönnun með fylgiskjölum.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skaftárhreppi dags. 21. apríl 2021 .
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 23. mars 2021.


Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðiladags. 19. mars 2021.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að byggja u.þ.b. 150 m langa, tvíbreiða brú yfir Núpsvötn á Hringvegi. Nýir vegir munu tengja brúna við Hringveg. Brúin verður norðan við núverandi brú og færast veglína Hringvegarins u.þ.b. 100 m til norðurs, þar sem mest er. Nýr vegur og brú verða samtals 2 km að lengd. Einnig verður byggður nýr áningarstaður vestan Núpsvatna. Tilgangur framkvæmdarinnar er að fækka einbreiðum brúm á Hringvegi. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum. Með nýrri tvíbreiðri brú á Núpsvötn og áningarstað, mun umferðaröryggi aukast til mikilla muna og umferð um svæðið verða greiðari en hún er nú.




**Framkvæmdasvæði.** Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram færsla Hringvegarins verður öll í farvegi eða á svæðum sem þegar hafi verið raskað við byggingu núverandi brúar og varnargarða sem byggðir voru vegna jökulhlaupa í Núpsvötnum / Súlu. Við framkvæmdina raskast 51.000 m<sup>2</sup> lands. Inni í þeirri tölu er nýtt vegsvæði, efnistökusvæði í varnargörðum og útjöfnun á núverandi vegsvæði. Fyrir utan nýja vegsvæðið hefur öllum öðrum svæðum verið raskað áður. Vegir að núverandi brú verða fjarlægðir og grafið frá stöplum hennar.



Mynd 1. Ný veglína, brú og áningarstaður.

**Vegur og brú.** Í greinargerð kemur fram að ný brú á Núpsvötn verði grunduð á steypum staurum sem reknir verða niður í árfarveginn. Samtals þarf að reka niður staura á um 200 stöðum stöðum og þar sem staurarnir eru tvískiptir þá sé um að ræða u.þ.b. 400 staura sem hver er 10 – 12 m langur. Sökkklar og stöplar verða steyptir, landstöplar í báðum endum brúarinnar og fjórir millistöplar á milli þeirra. Yfirbygging brúarinnar verður steyp. Brúin verður tvíbreið og hönnuð fyrir 90 km/klst. hámarkshraða. Hún verður 10 m breið með 9 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Hringvegur verður endurbyggður beggja vegna brúarinnar. Vegurinn verður gerður samkvæmt vegflokki C<sub>8</sub>, sem er 8 m breiður vegur með 7 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hönnunarhraði verður  $\geq 90$  km/klst.

**Áfangastaður.** Fram kemur í greinargerð Vegagerðarinnar að nýr áningarstaður verði gerður vestan við Núpsvötn þar sem gott útsýni er til Lómagnúps og einnig til fjallahringsins til austurs. Áningarstaðurinn verður að mestu leyti ofan á núverandi varnargarði en akstursleið eftir garðinum verður lokað með hliði. Gert er ráð fyrir stæðum fyrir rútu, húsbíla og 10 fólksbíla, þar af einu stæði fyrir hreyfihamlaða. Með nýjum áningarstað verður sköpuð öruggari aðstaða fyrir vegfarendur til að njóta útsýnisins.



Mynd 2. Fyrirhugaður áningarstaður vestan Núpsvatna.



**Efnistaka.** Í greinargerð kemur fram að jarðefni til vegagerðar verði að mestu leiti fengið úr núverandi varnargörðum austan Núpsvatna. Einnig sé reiknað með að úr Núpanámu komi 25.000 m<sup>3</sup> af fyllingar- og burðarefni. Náman er á aðalskipulagi Skaftárhrepps og er um 1 km vestan við Núpsvötn. Að auki verður efni úr núverandi vegi nýtt í fláafleyga. Að auki er reiknað með að tæpir 6.000 m<sup>3</sup> af unnu steinefni komi úr Djúpárnámu í tengslum við annað verk Vegagerðarinnar.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Verndarsvæði

Fram kemur að framkvæmdasvæðið verði í farvegi Núpsvatna en farvegurinn er innan svæðis nr. 701 á Náttúruminjasrá. Eins og sést á lýsingu fyrir náttúruverndarsvæði nr. 701 snýr verndunin fyrst og fremst að heildarumgjörð svæðisins þ.m.t. fjallasýn. Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað með gerð vega og varnargarða. Þar að auki bætast við náttúrlegar breytingar þegar áin flæmist til í farveginum. Gert er ráð fyrir að um helmingur rasks vegna framkvæmdanna verði í farvegi Núpsvatna.

### Ásýnd, landslag, jarðmyndanir og vatnafar

Fram kemur að þegar framkvæmdum verði lokið hafi ásýndin breyst lítilsháttar þar sem ný brú verður komin ofan núverandi brúar, auk veltenginga að henni. Mannvirkið verður lítið áberandi fyrir þá vegfarendur sem leið eiga um Hringveginn. Til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst hafa ný brú og tilheyrandi veltengingar verið hönnuð þannig að þau falli sem best að landslagi. Núverandi vegir verða fjarlægðir og að framkvæmdum loknum verður gengið þannig frá vegsvæðinu að það falli vel að landinu. Einnig verður gengið frá námusvæðum í samræmi við landslag umhverfis þau. Núverandi brú verður fjarlægð.

Fram kemur að framkvæmdin muni hafa áhrif á jarðmyndanir og vatnafar. Annars vegar vegna rasks við vega- og brúargerð yfir Núpsvötn og hins vegar vegna efnistöku úr varnargörðum og/eða námum. Að teknu tilliti til þess rasks sem nú þegar hefur orðið á svæðinu, þá telur Vegagerðin að áhrif á jarðmyndanir við vega- og brúargerð verði óveruleg. Vega- og brúargerðin, sem og efnistakan hafi óveruleg áhrif á vatnafar.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á Hringvegi við Núpsvötn, nýja brú og áningarstað. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli, staðsetning og eiginleikar framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og gerð og eiginleika áhrifa, einkum stærðar og fjölbreytileika þeirra og afturkræfni sbr. 1., 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Framkvæmdin er lítil að umfangi þar sem um er að ræða brú og veg sem verði um 2 km að lengd. Helmingur framkvæmdasvæðis er á þegar röskuðu svæði, en auk þess er stór hluti framkvæmdarsvæðisins í farvegi Núpsvatna. Mjög lítil gróður og sáralítið fuglalíf er á svæðinu. Efni verður að mestu leyti tekið úr núverandi varnargörðum sem og opinni námu. Svæðið er á náttúruminjaskrá sem hluti af stærri heild þar sem sýn til fjalla og jökla sem og ásýnd náttúruaflanna er mjög sterk. Framkvæmdin mun ekki rýra verndargildið á nokkurn máta. Eftir sem áður verður á svæðinu vegur og brú í stórbrotnu landslagi. Ótvírætt mun breiðari brú og betri vegferill bæta umferðaröryggi umtalsvert. Hvorki eðli og staðsetning fyrirhugaðar framkvæmdar né eiginleikar hugsanlegra áhrifa gefa tilefni til að meta umhverfisáhrif hennar.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. júní 2021.

Reykjavík, 30. apríl 2021.

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson